



Stjórnarfundur AKÍ

Staður og tími: Fundarherbergi ÍSÍ - 4.10.2016 kl. 17:30

Mætt:

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Flokkaskiptingar í rally

Rallyráð sendi erindi inn til stjórnar sem skýrir reglur um nýliða- og non-turbo flokk til meistara. Stjórn samþykkir þessa breytingu sem verður auglýst sérstaklega á heimasíðu AKÍ.

2. Formannafundur

Senda þarf á keppnisráð ósk um tilnefningar til akstursípróttamanns ársins, einn karl og eina konu.

3. Bæklingur frá RaceWrite

Kynningarbréf og bæklingur um gokart kom frá Gordon Mellis / RaceWrite. Samþykkt að vísa þessu til menntanefndar.

4. Dómsstig hjá AKÍ

Eftir umræður við Aga- og úrskurðarnefnd ásamt ÍSÍ er ljóst að skilgreina þarf tvö dómsstig innan AKÍ. Með því yrðu dómnefndir keppna fyrra dómsstig, en Aga- og úrskurðarnefnd yrði þá það síðara. Heimild þyrfti þó að vera að stjórn skipaði dómnefnd í sérstökum málum, þurfi þess við.

5. Önnur mál

Samfélagsmiðlar keppenda/keppnisliða - keppendum er bent á að birta ekki video og myndir sem blanda saman þátttöku í akstursípróttum og hegðun sem samræmist ekki gildum ÍSÍ.